



Markaðsstofa Suðurlands

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, kt. 540602-4410, Árnosi, 801 Selfoss, og Markaðsstofa Suðurlands ses., kt. 480109-1470, Tryggvagötu 13, 800 Selfoss, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

1. Markaðsstofa Suðurlands, hér eftir nefnd MSS, vinnur að öflugum markaðsstarfi á Suðurlandi með sérstaka áherslu á að fjölga gestum, auka lengd dvalar og þar með gjaldeyristekjur á Suðurlandi.
2. MSS vinnur með sveitarfélögum á Suðurlandi að stefnumótun fyrir Suðurland sem áfangastað og veitir sveitarfélögunum aðstoð í stefnumótun og markaðssetningu eftir nánara samkomulagi.
3. MSS annast almenna markaðssetningu Suðurlands með dreifingu vandaðs kynningarefnis fyrir innlenda og erlenda ferðamenn ásamt því að halda úti opinberri heimasíðu landshlutans (www.south.is) sem gefur raunhæfa mynd af ferða- og afþreyingarmöguleikum, gistingu, veitingum og því sem vert er að koma á framfæri innan landshlutans. Jafnframt verður kynning á sveitarfélaginu á umræddri vefsíðu sem og tenging inn á heimasíðu þess.
4. MSS hefur samstarf við Upplýsingamiðstöðvar um miðlun upplýsinga um sveitarfélagið.
5. MSS hefur umsjón með helstu samstarfsverkefnum markaðs- og kynningarmála og er í samstarfi við þá aðila sem sinna slíkum verkefnum innan landshlutans. Einnig við erlendar og innlendar ferðaskrifstofur, flugfélög, Ferðamálastofu, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Íslandsstofu, Ráðstefnuskrifstofu Íslands, Höfuðborgarstofu, SAF, markaðsstofur landshlutanna, Stjórnstöð ferðamála og aðra samstarfsaðila á þessu sviði.
6. MSS kynnir svæðið í kynningarbæklingum og ferðahandbókum sínum og á ferðasölusýningum, hér heima og erlendis.
7. Skipaður verði sérstakur tengiliður í sveitarfélaginu við MSS. Tengiliður sveitarfélagsins er ábyrgur fyrir miðlun upplýsinga til sveitarstjórnarmanna. Tengiliður er fulltrúi sveitarfélagsins í samstarfshóp um ferðamál á Suðurlandi, sem Markaðsstofan leiðir. Hægt er að nálgast upplýsingar um verkefni MSS á vefsíðunni www.south.is/markadsstofan.
8. MSS sendir reglulega tengilið sveitarfélagsins, samstarfsaðilum og fjölmiðlum fréttabréf til upplýsingar um verkefni.
9. MSS heldur aðalfund fyrir 1. maí ár hvert. Á aðalfundi skal MSS skila skýrslu um starfsemi félagsins ásamt endurskoðuðum ársreikningi næsta árs á undan.
10. Kostnaðarþátttaka í sérverkefnum sem unnin eru fyrir einstök sveitarfélög ákvarðast sérstaklega hverju sinni af samningsaðilum.





Markaðsstofa Suðurlands

11. Árgjald fyrir þjónustu er kr. 430,- pr. íbúa og miðast það við íbúafjölda sveitarfélagsins 1. ársfjórðungs árið á undan, alls 594 samkvæmt Hagstofu Íslands. Árgjaldið skiptist yfir árið í þrjár jafnar greiðslur sem greiðast samkvæmt reikningi í febrúar, júní og nóvember.
12. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2018 og er til þriggja ára og rennur út 31. desember 2020. Endurnýjun samnings skal lokið fyrir 31. október 2020.
13. Samningur þessi er í tveimur eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Selfoss, 25. janúar 2018.

F.h. Markaðsstofu Suðurlands:


Dagný H. Mennisdóttir

Vottar:  Suðurlands

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps:


Ragnhildur Sveinbjarnardóttir

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 2.9.1.18
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Markaðsstofa Suðurlands

Fjölheimum v / Tryggvagarð
800 Selfoss
S: 560-2030 | info@south.is

Selfossi 25. janúar 2018

Til þess er málið varðar,

Markaðsstofa Suðurlands ses. þakkar sveitarstjórn **Skeiða- og Gnúpverjahrepps** stuðninginn sem falinn er í þjónustusamningi milli sveitarfélagsins og Markaðsstofu Suðurlands. Stuðningurinn er afar mikilvægur og gerir stofunni kleift að stunda öflugt greiningar-, upplýsingamiðlunar-, markaðs- og kynningarstarf fyrir Suðurland.

Heildstæð kynning á Suðurlandi öllu, innanlands sem utan, skilar sér í meiri áhuga fólks á landshlutanum og því sem hann hefur uppá að bjóða. Helstu áskoranir þeirra sem koma að ferðaþjónustu í dag er að stuðla að því að gestir dreifist jafnara um svæðið ásamt því að dvelja lengur. Með því að styðja markvisst við ferðaþjónustu á Suðurlandi með þessum hætti styrkist grundvöllur allrar verslunar, þjónustu sem og hvers kyns atvinnustarfsemi innan landshlutans.

Meðfylgjandi eru drög að þjónustusamningi sem lýsir verkþáttum stofunnar og er hann undirritaður af framkvæmdastjóra hennar í tveimur eintökum, sbr. lið 13. Verði hann samþykktur af sveitarstjórn, er þess óskað að sveitarstjóri undirriti hann fyrir hönd sveitarfélagsins og póstsendi eintak til Markaðsstofu Suðurlands.

Einnig er óskað eftir því að sveitarfélagið skipi sérstakan tengilið við stofuna, sbr. lið 7.

F.h. Markaðsstofu Suðurlands

Dagný H. Jóhannsd.

Dagný H. Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri

Markaðsstofa Suðurlands